

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 277/2008 um aðgerðir til að tryggja flugöryggi
og skrá yfir flugrekendur er ekki uppfylla viðeigandi öryggiskröfur.**

1. gr.

Töluliðir 4. gr. reglugerðarinnar verða stafliðir, merktir með viðeigandi bókstöfum.

2. gr.

Stafliðir c-liðar 4. gr. reglugerðarinnar verða töluliðir, merktir með viðeigandi tolum.

3. gr.

Við c-lið 4. gr. reglugerðarinnar (áður 3. tölul. 4. gr.) bætist nýr tölul., 31, sem orðast svo:
31. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/871 frá 14. júní 2018, sbr.
ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 219/2018.

4. gr.

Innleiðing.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/871 frá 14. júní 2018 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur eða sæta rekstrartakmörkunum innan Sambandsins, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka EES-samningsins, bókun 1, um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 219/2018 frá 26. október 2018. Framkvæmdarreglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 72 frá 8. nóvember 2018, bls. 299-315.

5. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 4. gr. og 5. gr., sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 28. nóvember 2018.

F. h. r.

Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir.

Jónas Birgir Jónasson.

B-deild – Útgáfud.: 30. nóvember 2018